

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rifós Kelduhverfi



Dags eftirlits	17.10.2012	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Rifós	Fulltrúi UST	
Heimili	Lóni	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500692-2869	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hlífar Karlsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit hvað varðar neyðaráætlun, komi til óvæntar stöðvunar á rekstri og ein athugasemd var gerð vegna skráningu fyrirtækjaflokks í grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir nýtt starfsleyfi, sem gefið var út 19. júlí 2012 og gildir til 31. desember 2027, og minnt á skiladaga skv. því s.s. ársyfirlit og grænt bókhald.

Frárennsli frá seiðaðisstöð var skoðað. Rennur það allt í settjörn sem tæmd er árlega af verktaka og efnið nýtt sem áburður á mela. Örlítið af fódurleifum sást við útrásarop og greina mátti gróðurmyndum rétt við útrásina.

Farið var yfir gr. 2.3. í starfsleyfi þar sem fjallað er um leyfi til koparlitun á nótum. Í síðasta eftirliti kom fram frávik hvað varðar notkun á kopar til varnar gróðurmyndun á nótum eldiskvía. Í nýju starfsleyfi er veitt leyfi til notkunar kopars á nætur með ákveðnum skilyrðum og tímabundið leyfi veitt til litunar nóta í eigin aðstöðu, eða til 1. október 2013. Verið er að vinna í úrlausn þessa máls hjá rekstraraðila og hyggst hann boða til fundar með Náttúrustofu Norðurlands og Umhverfisstofnun til að ræða hvaða möguleikar séu í stöðunni sem og áætlun um vöktun á svæðinu og umhverfisstjórnunarkerfi.

Varaafsstöð og olíugeymar voru skoðaðir sem og birgðageymsla fyrir hættuleg efni.

Siglt var út að kvíum og þær skoðaðar. Einnig var siglt fram hjá ísgirðingum í lóninu.

Frávik frá

gr. 4.5 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Rekstraraðili skal vera með neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin er ekki til en er í vinnslu.

ATHUGASEMDIR

Bent er á að röng skráning er í reit 1.8 í Grænu bókhaldi, rétt skráning fyrirtækjaflokks er 6.10.

ANNAÐ

Ekki var dælt upp af botni lónsins, undir kvíum, eins og ráð hafði verið fyrir gert sökum bilana í dælubúnaði og veðurfars. Stefnt er að því að það verði gert næsta vor og mun rekstraraðili vera í sambandi við eftirlitsaðila áður en til þess kemur og sækja um formlegt leyfi til Umhverfisstofnunar skv. gr. 2. 14 í starfsleyfi.

Vöktunaráætlun skal skila fyrir 31. des. 2012 og hyggst rekstraraðili boða til fundar með Náttúrustofu Norðurlands til undirbúnings við áætlunargerð þar sem Náttúrustofan hefur verið með vöktun á svæðinu í nokkurn tíma.

Minnt var á að öll gögn skuli send á netfang stofnunarinnar ust@ust.is sem og á netfang eftirlitsaðila.

Reykjavík,

03.12.2012

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.